



10. bekkjum í Árborg var boðið í menningarheimsókn í Fishersetrið á Selfossi 4. des. 2015. Hæst bar leiksýning Elfars Loga Hannessonar sem túlkaði útlagann Gretti sterka Ásmundarson.



Ólafur Stefánsson, handboltahetja heimsótti Vallaskóla 9. des. 2015. Hann ræddi við nemendur í 5.-10. bekk um lífið og tilveruna, gildi og markmið og voru allir afar ánægðir með heimsóknina. Ólafur hrósaði nemendum fyrir hvað þeir væru kurteisir og virkir í umræðum.



Jólagluggar í Árborg voru hátt í 20 í lok ársins 2015. Nemendur BES tóku m.a. virkan þátt í verkefnum og var gluggi í skólanum á Stokkseyri skreyttur með snjókörlum. Þeir mynduðu ramma utan um bókstafinn S. Það er svo sannarlega leikur að læra.

Nýársfréttabréf fræðslusviðs

— janúar 2016 —

Þróun lærdómssamfélagsins í Árborg

Stjórnendanámskeið. Á haustönn 2015 voru í boði fjölbreytt námskeið fyrir ýmsa aðila skólasamfélagsins í Árborg. Eitt námskeið af mörgum var fyrir stjórnendur leik- og grunnskóla í Árborg sem var í umsjón Önnu Kristínar Sigurðardóttur. Stjórnendur frá FSu tóku einnig þátt sem var ánægjulegt. Námskeiðið er í beinu framhaldi af fyrra námskeiði, sem var haldið skólaárið 2013-2014, um heiltæka forystu – aukin gæði í skólastarfi. Þá var lögð áhersla á samstarf og tengsl skólastofnana í sveitarfélaginu. Á þessu námskeiði var horft meira inn á við í hverja stofnun, á innleiðingu breytinga og skoðaðar leiðir sem hægt er að fara til að hvetja til samvirks náms meðal starfsmanna skólans. Áhersla var á hópstarf þátttakenda undir stjórn Önnu Kristínar en hún var einnig með styttri innlegg. Þátttakendur unnu heimaverkefni á milli tveggja staðlota sem fólst í að gera tilraun með nýtt form á starfsþróun kennara sem byggir á samvinnu og ígrundun í gögn um árangur eigin starfs.

Námskeið fyrir unglunga. Sálfræðingarnir, Lára Ólafsdóttir hjá skólaþjónustu og Íris Böðvarsdóttir hjá heilsugæslu, sóttu HAM-námskeið á BUGL, *Mér líður eins og ég hugsa*. Á árinu 2016 munu fleiri sálfræðingar í Árborg sækja slík námskeið sem veita réttindi til námskeiðahalds í heimabyggð. Á vorönn verður boðið upp á HAM-námskeið fyrir unglunga í Árborg á aldrinum 13–15 ára. Þar verður þeim leiðbeint hvernig hægt er að átta sig á samhengi hugsana og tilfinninga. Þeir munu læra aðferðir til að endurmeta hugsanir sínar og þar með bæta eigin líðan og viðhalda henni. Námskeiðið, *Mér líður eins og ég hugsa*, er samstarfsverkefni heilsugæslu, skólaþjónustu og félagsþjónustu.

Fjölmennir fræðslufundir fyrir foreldra. Starf foreldrafélaga er að eflast verulega í sveitarfélaginu og þá ekki síst með stofnun Samborgar sem eru samtök foreldrafélaga í Árborg. Samborg bauð til fjölmenns súpufundar í Vallaskóla 6. október 2015 þar sem Sólvieg Norðfjörð, sálfræðingur, var með fræðslu um kvíða og hvernig hann birtist helst hjá börnum og fullorðnum.

Í nóvember síðastliðinn stóðu foreldrafélögin fyrir einum fjölmennasta fræðslufundi sem haldinn hefur verið í Sveitarfélaginu Árborg. Þar var Hermann Jónsson með fyrirlestur um einelti og lýsti eigin reynslu og dóttur sinnar Selmu. Margar spurningar komu fram og góðar umræður áttu sér stað.



Erasmus+ hópur heimsótti Skotland í nóvember 2015

Fyrsti hluti Erasmusverkefnis Árborgar nefnist lærdómssamfélagið. Þar er meðal annars leitast við að efla faglega samræðu þar sem hugmyndum og aðferðum um betri kennslu og starfsaðferðum grunnskóla og skólaþjónustu er

miðlað með áherslu á árangur á öllum sviðum. Hópurinn fór í námsferð til Glasgow 16.–20. nóvember 2015. Páll Sveinsson fór fyrir hópnum en einnig fóru þau Guðbjartur Ólason, Kristín Guðlaug Magnúsdóttir, Ásthildur Bjarna-

dóttir, Anna Ingadóttir og Lára Ólafsdóttir. Nú þegar þetta er ritað vinnur hópurinn að skýrslugerð og gerð kynningarefnis.



Vinaskólar í sama sveitarfélagi



Á stjórnendanámskeiðinu fyrir áramót gekk eitt verkefnið út á það að tengja saman tvo leikskóla í útinámi. Leikskólastjórnarnir Krístrún Hafliðadóttir, Hulduheimum, og Ingibjörg Stefánsdóttir, Álfheimum, unnu að því ásamt samstarfsfólki sínu að tengja leikskólana saman í útinámi í skóginum. Í útináminu var meðal annars unnið með læsi og stærðfræði. Nærumhverfi leikskól-

anna er margbreytilegt og býður náttúran upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötva. Frumkvæði nemenda var mikið, skapandi hugsun og samvinna komu fram í gegnum leikinn sem nýttist vel sem námsleið.

Samstarfsverkefni skóla kalla á góðan undirbúning og í þessu verkefni voru kostir upplýsingatækninnar nýttir.

Verkefnið gekk vel og stefnt er að því að halda því áfram.



Vinna við gerð læsisstefnu Árborgar



Undirritun þjóðarsáttmála um læsi fór fram á Stokkseyri 15. september sl. Ásta Stefánsdóttir skrifaði undir f.h. Árborgar og Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra, f.h. ríkisins og Inga Dóra Ragnarsdóttir var fulltrúi Heimilis og skóla. Í sáttmálanum er meðal annars lögð áhersla á samvinnu við foreldra og

foreldrafélög til að ná markmiðum sáttmálans. Þá er gert ráð fyrir að Árborg setji sér markvissa læsisstefnu. Mikil vinna fór fram með læsi á síðasta skólaári, bæði í leikskólum og grunnskólum, sem auðveldar alla þessa vinnu. Að undanförunu hefur fagteymi í læsi verið að

marka sameiginlegar áherslur grunnskóla og fræðsluteymi leikskóla verið að móta áherslur á því skólastigi. Á samstarfsfundum leikskóla og skólalærisfundum 21. og 22. desember 2015 var afar góð fagleg umræða um læsi og áherslur hvers leikskóla kynntar. Allir slíkir samstarfsfundir í anda lærdóms- og félagsins nýtast vel í vinnu við gerð læsisstefnu en læsi er nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu.



Innleiðing á Völu-leikskólakerfi

Á haustmánuðum 2015 var byrjað á að undirbúa innleiðingu á Völu-leikskólakerfi. Vala er samþætt lausn fyrir leikskóla sem býður upp á umsókn- og biðlistakerfi, utanumhald v/vistunarsögu, rafræn samskipti,

viðveruskráningu, rafrænt ferli fyrir umsóknir, tengingar við bókhaldskerfi og íbúagátt, skýrslugerð, tölfræðigreiningar o.fl. Skólastjórnendur Jötunheima hafa tekið að sér að tilraunakeyra kerfið og læra vel á það

ásamt starfsfólki á skrifstofu fræðslusviðs. Stefnt er að því að innleiða kerfið í alla leikskóla Árborgar á árinu 2016.



Lubbaverkefni Jötunheima vekur athygli

Katrín Þorvaldsdóttir og Þórdís Guðrún Magnúsdóttir, leikskólakennarar í Jötun-



heimum, héldu fyrirlestur á námskeiðinu, *Málið á flug með Lubba*, á Grand hóteli 28. ágúst 2015 um það hvernig

unnið er með Lubbanámsefnið í leikskólanum. Þær héldu einnig fræðslufund í Sunnulækjarskóla 25. nóvember sl. Þær sýndu í máli og myndum hvernig notkun náms-efnisins hefur þróast á þeim árum sem það hefur verið notað. Það byrjaði smátt, aðeins á einni deild Jötunheima, og þegar allir sáu hversu vel efnið höfðaði til barnanna var ákveðið að þróa það á öllum yngri deildunum. Á síðasta skólaári var farið að nota námsefnið á öllum deildum. Eftir námskeiðið í Reykjavík, hafði annar höfundur *Lubba* samband við þær stöllur og veitti þeim og Jötunheimum

hvatningarverðlaun Lubba þar sem fyrirlestur þeirra þótti til mikillar fyrirmyndar og sýndi vel hvernig hægt er að vinna með námsefnið í leikskólum.



Efni um skólamál á www.arborg.is

Á [heimasíðu Árborgar](#) er greiður aðgangur að rafrænu efni um skólamál, svo sem skýrslum, verk-lagsreglum, námskrám, fréttum o.fl. Hér gefur að líta sýnishorn:

[Ársskýrsla fræðsluviðs 2014-2015](#)
[Verklagsreglur um viðbrögð við vandamálum er varða nemendur í grunnskólum Árborgar](#)

[Hagir og líðan ungs fólks í Árborg \(rannsókn í 5., 6. og 7. bekk 2015\).](#)

[Verkferlar leikskóla v/ íhlutunar](#)

[Grunnskólabörn með málþroskaraskanir \(bæklingur\)](#)

[Árangursríkt læsi í](#)

[leikskólum Árborgar \(lokaskýrsla\)](#)

[Námskrá Sérdeildar Suður-lands](#)



Hvernig er tekist á við erfiða hegðun?

Þriðjudaginn 10. nóvember 2015 var fjölmennur fræðslufundur haldinn á Stokkseyri (BES) um hvernig tekist er á við erfiða hegðun hjá börnum. Kennarar komu frá Brúarskóla í Reykjavík en sá skóli hefur sérhæft sig í kennslu barna sem sýna mikil hegðunarfrávik. Eftir 1 klst.

fyrirlestur bauðst hluta þátt-takenda að fara í verklegan hluta. Almenn ánægja var með fræðslufundinn sem var haldinn að frumkvæði Barna-skólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.



Fjölbreytt starf skóla í Árborg

Dagskrá leik- og grunnskóla í nóvember og desember var að venju fjölbreytt og hér gefur að líta sýnishorn.



Gunnar Helgason kom í heimsókn í Vallaskóla til að kynna bókina sína *Mamma klikk*.



Ritunarkeppni var haldin í 10. bekk Sunnulækjarskóla. Elísa Rún Siggeirsdóttir varð hlutsköpunari með söguna "Logi í beinni," Í öðru

sæti var Arndís María Finnsdóttir með "Hvítan kjól" og þriðja sætið hlut Ragna Fríða Sævarsdóttir með söguna "Grænn."

Orðaskil - málþroskapróf

Á árinu 2016 verður skimunartækjum í leikskólum Árborgar fylgja með notkun á málþroskaprófinu Orðaskil. Höfundur málþroskaprófsins er Elín Þóll Þórðardóttir.

Málþroskaprófið byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð. Aukin notkun skimunartækja í leik- og grunnskólum er hluti af áherslu skóla og skólalábjónustu í Árborg á snemmtækt mat á stöðu barna og skipuleggja sem fyrst viðeigandi þjálfun og kennslu út frá niðurstöðum skimunarprófa.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á þemadögum í Sunnulækjarskóla

Dagana 8.-11. des. voru þemadagar í Sunnulækjarskóla. Viðfangsefni daganna voru heimsmarkmið SP sem samþykkt voru af 193 leiðandi ríkjum heims í september 2015. Heimsmarkmiðin, sem eru 17 talsins, fjalla um að enda fátækt, minnka ójöfnuð og óréttlæti og laga loftslagsmálin á næstu 15 árum. Markmiðið með þemadögum var vitundarvakning meðal nemenda og að þeir kynntust heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Nemendur kynntust því hvers vegna markmiðin voru sett, fengu tækifæri til þess að koma með lausnir við þeim vanda sem þar er til umfjöllunar

og sögðu öðrum frá markmiðunum. Við vinnuna mynduðu nemendur skólans fjölmarga hópa sem síðan völdu sér markmið að vinna með. Úrvinnslan var með afar fjölbreyttum hætti. Sumir hópar settu vinnu sína fram á leikrænan hátt, tóku upp stuttmynd eða myndbrot meðan aðrir skrifuðu texta eða bjuggu til veggspjöld. Allur afrakstur vinnunnar var síðan birtur á opinni vefsíðu þar sem foreldrar og aðrir áhugasamir geta kynnt sér vinnu barnanna.

Sjá nánar á:

<http://sunnulaekjarskoli.weebly.com/>



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

